

REGLUGERÐ

um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2010.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2010:

| | <i>frítekjumark kr.</i> | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|---|-------------------------|---------------------------|
| a. Vegna fjármagnstekna (allar bætur) | 98.640 | |
| b. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. 2. másl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. | 480.000 | |
| c. Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. ákvæði til bráðabirgða | 1.315.200 | |
| d. Ellilífeyrir skv. 2. mgr. 17. gr. | 2.575.220 | 3.981.332 |
| e. Örorkulífeyrir skv. 5. mgr. 18. gr. | 2.575.220 | 3.981.332 |
| f. Örorkustyrkur skv. 1. mgr. 19. gr. | 2.575.220 | 3.961.268 |
| g. Örorkustyrkur skv. 2. mgr. 19. gr. | 2.575.220 | 3.981.332 |
| h. Aldurstengd örorkuuppbót (100%) skv. 1. mgr. 21. gr. | 2.575.220 | 3.981.332 |
| i. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 2. mgr. 22. gr. | 120.000 | |
| j. Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna skv. 3. mgr. 22. gr. | 328.800 | |
| k. Vasapeningar skv. 3. másl. 8. mgr. 48. gr. | | 773.446 |
| l. Vasapeningar skv. 5. másl. 8. mgr. 48. gr. | 812.774 | |

2. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2010:

| | <i>frítekjumark kr.</i> | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|--|-------------------------|---------------------------|
| a. Endurhæfingarlífeyrir skv. 1. mgr. 7. gr. | 2.575.220 | 3.981.332 |
| b. Sérstök uppbót skv. 2. mgr. 9. gr. | | |
| Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót | | 180.000 |
| Til lífeyrisþega sem fær ekki greidda heimilisuppbót | | 153.500 |

3. gr.

Tekjumörk bóta samkvæmt reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir hvern mánuð ársins 2010:

| | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|--------------------------------------|---------------------------|
| Frekari uppbætur skv. 1. mgr. 9. gr. | 198.650 |

4. gr.

Frítekjumark: Með frítekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem ekki skerðir bætur.

Efra tekjumark: Með efra tekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem veldur því að bætur falla niður að fullu.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 70. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 100/2007 um almanna-
tryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari
breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2010.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. desember 2009.

Árni Páll Arnason.

Ágúst Þór Sigurðsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2009